

**Sp.**

**293. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að víxla handbæru fje landssjóðs í gull.

Frá flutningsmönnum.

Tillagan orðist svo :

Tillaga til þingsályktunar um að heimila landsstjórninni að víxla handbæru fje landssjóðs í gull.

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að víxla handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem unt er, og nauðsyn krefur, vegna innkaupa matvæla eða annara birgða, er nauðsynleg kunna að verða sökum yfirvofandi eða byrjaðrar Norðurálfustyrjaldar, og geyma gullið hjer á landi eða í Englandsbanka.